

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2001

frá 31. janúar 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2000 frá 31. mars 2000⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/367/EB frá 3. maí 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE varðandi flokkun byggingarvara, mannvirkja og hluta þeirra eftir nothæfi með tilliti til brunapols⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 D 0367:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/367/EB frá 3. maí 2000 (Stjtið. EB L 133, 6.6.2000, bls. 26).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 133, 6.6.2000, bls. 26.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/367/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.